

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Kennitala: 4201693889

Reykjavík, 25. mars 2024
Málsnúmer: 20240301620

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 (stærðarmörk og endurskoðun ársreikninga), þskj. 623 - 536. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 11. mars sl. móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda og ábendinga við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

- I. Stærðarmörk fyrirtækja - með vísan til 1. gr. frumvarpsins (viðmið um heildareign, hreina veltu og meðalfjölda ársverka örfélaga hækki í samræmi við ársreikningatilskipun Evrópusambandsins 2013/34/ ESB).**

Samkvæmt frumvarpinu er lögð til breyting á stærðarmörkum örfyrirtækja samkvæmt lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, nánar tiltekið 11. tölul. og 33. tölul. 2. gr. Lagt er til að viðmið um heildareign, hreina veltu og meðalfjölda ársverka örfélaga hækki í samræmi við ársreikningatilskipun Evrópusambandsins 2013/34/ESB. Jafnframt er lagt til að námundað verði til hækkunar við útreikning viðmiða um heildareign og hreina veltu lítilla, meðalstórra og stórra félaga og samstæðna. Með frumvarpi þessu er lagt til að stærðarmörkum þessara félaga verði breytt þannig að íslensk lög gangi ekki lengra en umrædd tilskipun Evrópusambandsins. Stærðarmörk örfélaga verði þannig 55.000.000 kr. heildareign, 110.000.000 kr. hrein velta og meðalfjöldi ársverka 10 í samræmi við fyrnefnda tilskipun Evrópusambandsins.

Ríkisskattstjóri telur vert að benda á að í 3. gr. ársreikningatilskipunar ESB er kveðið á um að við útreikning á viðmiðunarmörkum skuli miða við gengiskráningu þess dags sem tilskipunin er innleidd í landsrétt. Einnig kemur fram í sömu grein tilskipunarinnar að viðmiðunarmörk breytast ekki nema að undangenginni ákvörðun Framkvæmdastjórnarinnar þar um og að Framkvæmdastjórnin skuli yfirfara stærðarmörk á fimm ára fresti að teknu tilliti til verðbólgu. Ríkisskattstjóri bendir á að fyrir liggur tillaga frá Framkvæmdastjórninni til hækkunar á stærðarmörkunum sem mun leiða til breytinga á ársreikningatilskipuninni og verði tillagan samþykkt af Evrópuþinginu og ráðinu þá ber Íslandi að innleiða þá breytingu að því er varðar ársreikningalög.

Ríkisskattstjóri bendir á að óháð slíkum tillögum Framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að færa stærðarviðmið örfélaga úr 40 milljónum í 100 milljónir hvað varðar hreina veltu, heildareignir úr 20 milljónum í 50 milljónir og ársverk úr 3 upp í 10. Þegar viðmiðunarmörk örfélaga voru ákvörðuð á sínum tíma var litið til upplýsinga frá ESB þess efnis að almennt falli 75% félaga innan ESB undir skilgreininguna um örfélög. Við innleiðingu reglna um viðmiðunarmörk á árinu 2016 var framkvæmd greining á stærð

Íslenskra félaga og féllu þá 82% þeirra undir þau viðmið sem lögfest voru vegna örfélaga. Ekki er óeðlilegt að endurskoða stærðaviðmið örfélaga með vísan til fenginnar reynslu frá innleiðingu.

II. Endurskoðun og yfirferð ársreikninga – með vísun til 2. gr. frumvarpsins (ákvæði um að stór og meðalstór fyrirtæki falli undir endurskoðunarskyldu)

Með frumvarpinu er lagt til að 1. mgr. 34. gr. ársreikningatilskipunarinnar verði fylgt án viðbótarskilyrða, en þar er kveðið á um að EES-ríki skuli að lágmarki tryggja að ársreikningar meðalstórra félaga, stórra félaga og eininga tengdum almannahagsmunum verði endurskoðaðir. Með breytingunni er vikið frá þrengri skilyrðum sem fram koma í núgildandi 1.–3. tölul. 1. mgr. 98. gr. ársreikningalaga.

Ríkisskattstjóri bendir á að skilyrði þau sem sett eru fram í 1. mgr. 34. gr. ársreikningatilskipunarinnar eru lágmarkskröfur og almennt hafa ríki á Evrópska efnahagssvæðinu sett eigin viðmiðunarreglur sem eru ótvírætt strangari en tilskipunin gerir kröfu um. Til dæmis kveður dönsk löggjöf á um að meðalstór og stór fyrirtæki séu endurskoðuð, félög með tekjur yfir 160 millj. ISK og eignir yfir 80 millj. ISK verða að láta endurskoðanda staðfesta ársreikninginn með könnunaráritun. Hið sama gildir ef eignir nema hærrí fjárhæð en u.þ.b. 1.000 millj. ISK en þá verður endurskoðandi að lágmarki að staðfesta ársreikninginn með könnunaráritun, óháð öðrum stærðarviðmiðum. Í Finnlandi gilda strangari reglur, og þess krafist að félög með hreina veltu að upphæð 30 millj. ISK og eignir að upphæð 15 millj. ISK endurskoði ársreikning. Í Svíþjóð eru sett fram sambærileg skilyrði og í Danmörku, þ.e. að hrein velta sé 45 millj. ISK og eignir 22,5 millj. ISK og í Noregi er gerð krafa um að félög með hreina veltu að upphæð 95 millj. ISK og eignir að upphæð 375 millj. ISK skuli endurskoða. Ísland hefur ekki gengið lengra en Norðurlöndin hvað varðar kröfur um endurskoðun.

Ríkisskattstjóri áréttar að samkvæmt meginreglu 1. mgr. 96 gr. ársreikningalaga eru öll félög endurskoðunarskyld. Ákvæði 3. mgr. sömu greinar kveður á um að félag sem ekki er skylt að láta endurskoða ársreikning samkvæmt 1. mgr. 98. gr. geti þess í stað kosið endurskoðanda, endurskoðunarfyrirtæki eða skoðunarmann sem staðfesti ársreikninga, sbr. ákvæði 2. mgr. 102. gr. laganna.

III. Nánar um gæði upplýsinga í ársreikningum


Gæði upplýsinga í ársreikningum hafa umtalsverða þýðingu fyrir atvinnulífið, fjárfesta og lánadrottna og þær hafa sömuleiðis vægi við framkvæmd skatteftirlits. Það er mat ríkisskattstjóra að verulega muni draga úr þessum gæðum nái fram að ganga tillaga sú sem frumvarpið ber með sér um breytt stærðarviðmið sbr. núgildandi 1.–3. tölul. 1. mgr. 98. gr. ársreikningalaga. Þar skiptir m.a. máli að engar reglur gilda um störf skoðunarmanna né er eftirlit haft með þeim ólíkt því sem gildir um endurskoðendur, s.s. starfsábyrgðartrygging og eftirlit Endurskoðendaráðs. Dæmi er um að aðilar sem hafa hlotið dóm fyrir brot á ársreikningalögum hafi starfað áfram sem skoðunarmenn enda engin ákvæði í lögum sem leggja bann við slíku. Í rannsókn sem Árni V. Claessen endurskoðandi hjá KPMG og lektor við Háskóla Íslands framkvæmdi á árunum 2017-2018, á gæðum upplýsinga í ársreikningum, er sýnt fram á ótvíræða fylgni á milli gæða upplýsinga í ársreikningum og þess hvort þeir séu endurskoðaðir eða ekki. Niðurstaða þessarar rannsóknar hans er er í samræmi við niðurstöður sambærilegra evrópskra rannsókna.

Að mati ríkisskattstjóra, og með vísan til framangreinds, yrði því afar óheppilegt ef að stærðarviðmiðum þeim sem fram koma í 1.–3. tölul. 1. mgr. 98. gr. yrði breytt nema gripið yrði til mótvægisráðstafana sambærilegum þeim sem finna má t.a.m. í danskri löggjöf. Frá 1. janúar 2023 er áskilið þar að ársreikningar fyrirtækja í vissum atvinnugreinum, sem skilgreindar eru sérstaklega áhættusamar, og sem hafa tekjur að lágmarki u.þ.b. 100 millj. ISK skuli hafa staðfestingu endurskoðanda.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Halldór I. Pálsson